



Alþingi - nefndasvið  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um tónlist, 153. löggjafarþing 2022-2023, þingskjal 684 - 542. mál

Reykjavíkurborg hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tónlist. Reykjavíkurborg fagnar því að lagt sé fram frumvarp að heildarlögum um tónlist á Íslandi sem tekur fyrir málefni nýrrar Tónlistarmiðstöðvar Íslands, nýs tónlistarsjóðs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Skrifstofa menningarmála á Menningar- og íþróttasviði hefur kynnt sér málið ítarlega og leggur fram neðangreinda umsögn f.h. Reykjavíkurborgar.

Í 2. kafla, 3. gr. þarf að skýra betur hlutverk Tónlistarmiðstöðvar. Þar mætti skerpa á þrjúþættu hlutverki miðstöðvarinnar sem kemur fram í skýrslu starfshóps um tónlistarmiðstöð; inntón, útón og tónverk. Vantar þar sérstaklega að skýra betur þann hluta sem fellur undir inntón og er skilgreint í skýrslu starfshópsins sem „uppbygging og stuðningur við tónlistarstarfsemi sem iðnað og atvinnugrein“.

Í 2. kafla, 4. gr. er fjallað um stjórn og framkvæmdastjóra Tónlistarmiðstöðvar. Er hér lagt til og ítrekað að sett verði inn ákvæði um ráðningartíma framkvæmdastjóra sem væri sambærilegt ákvæði og er í 4. kafla, 9. gr. þar sem fjallað er um stjórn og framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar mun gegna áhrifastöðu í íslensku tónlistarlífi og nauðsynlegt er að tryggja að einstaklingar sitji ekki of lengi í slíkum stöðum. Einnig er lagt til að endurskoðuð verði sú ákvörðun að fulltrúi Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sitji í stjórn Tónlistarmiðstöðvar þar sem málefni hennar falla ekki undir tónlistarkennslu.

Í 2. kafla, 6. gr. er fjallað um tónlistarráð. Gjarnan mætti skýra hlutverk tónlistarráðs betur, hversu margir sitji í því og hversu oft það kemur saman til að tryggja það að ráðið verði virkt og sinni því starfi sem því er ætlað.

Í 4. kafla, 9. gr. um stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands er fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg leggur til 18% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, sbr. 11. gr., er mikilvægt að sett sé inn ákvæði um samráð við borgina um fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar. Lagt er til að við síðustu málsgrein 9. gr. verði bætti við: *Einnig skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir borgarráð Reykjavíkur með nægum fyrirvara svo gögn liggja fyrir þegar fjárhagsrammi Reykjavíkurborgar er undirbúinn og afgreiddur.*

Virðingarfyllst,

*María Rut Reynisdóttir*

María Rut Reynisdóttir

*Skrifstofustjóri menningarmála*

*Menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar*